

# Námskeiðslýsing - Námskeiðsáætlun

## Veturinn 2019 – 2020

Námskeiðsáætlunin nær til allrar starfsemi Landskerfis bókasafna og Rekstrarfélags Sarps.

Námskeiðshald verður með nokkuð breyttu sniði, bæði hvað varðar Gegni og Sarp. Innleiðing nýs bókasafnskerfis fyrir Gegni veldur því að ekki er skynsamlegt að bjóða upp á sértækari námskeið í kerfinu. Námskeiðshald fyrir aðildarsöfn Sarps breytist einnig og í stað hefðbundinna námskeiða verður boðið upp á vinnustofur í Sarpi.

Í áætluninni á bls. 4 eru tilgreindir markhópar námskeiðanna til þess að námskeið og kynningar verði hnitmiðaðri en ella. Námskeiðin eru samt sem áður opin öllu starfsfólki Gegnissafna annars vegar og aðildarsafna Sarps hins vegar. Hér fyrir neðan eru stuttar lýsingar á námskeiðunum ásamt námskeiðsáætlun. Athugið að dagsetningar eru settar fram með fyrirvara um breytingar og einnig er áskilinn réttur til að fella niður námskeið ef ekki næst næg þátttaka.

**Öll námskeið eru gjaldfrjálts nema skráningarnámskeið í Gegni.**

### **Gegnir og leitir.is**

Námskeiðshald verður í algjöru lágmarki. Það verður boðið upp á grunnnámskeið, útlánanámskeið, kerfiskeyrslunámskeið ásamt skráningarnámskeiði. Ef aðildarsöfn eru í vandræðum með aðra kerfisþætti þá mun starfsfólk Landskerfis bókasafna aðstoða söfnin eftir bestu getu.

### **Uppsetning Gagnis á tölvu**

Á þeim námskeiðum í Gegni þar sem þátttakendur þurfa að hafa tölvur er boðið upp á aðstoð við uppsetningu starfsmannaáðgangs Gagnis. Á öðrum námskeiðum er þátttakendum frjálst að mæta með tölvur en æskilegast er að starfsmannaáðgangur sé þegar uppsettur þar sem ekki er tryggt að hægt sé að aðstoða við uppsetningu.

### **Sarpur**

Haldnar verða vinnustofur í Sarpi. Tilgangur vinnustofanna er einstaklingsmiðuð aðstoð við margvísleg vandamál í skráningu og mun fagstjóri vinna með viðkomandi að lausn vandans. Þátttakendur þurfa að hafa með sér tölvu á vinnustofuna.

### **Námskeiðsskráning**

Skráning fer fram á vef Landskerfis bókasafna, [landskerfi.is](http://landskerfi.is). Nauðsynlegt er að hafa stofnað aðgang að þjónustuvefnum til þess að geta skráð sig á námskeið, [hér eru nánari upplýsingar](#). Einnig er hægt að fá aðstoð við skráningu í síma 514 5050.

# Námskeiðslýsingar

## Gegnir, leitir.is

### 1. Ákvarðanir og áfangar í nýju kerfi

Að þessu sinni verður ekki boðið upp á hefðbundið ítarnámskeið. Þess í stað er áætlað að halda upplýsingafundi þar sem farið verður yfir verkefnið í heild. Sagt verður frá helstu áföngum, teknar verða sameiginlegar ákvarðanir um vafaatriði, kerfið skoðað og svo framvegis.

#### Dagskrá:

- Tímalína verkefnisins
- Innlit í kerfið
- Undirbúningur safnanna
  - tiltekt og fleira
- Kennsla á nýtt kerfi
- Önnur mál

Áætlað er að fundirnir verði haldnir í Reykjavík og á nokkrum stöðum á landsbyggðinni. Dagsetningar liggja ekki fyrir ennþá.

### 2. Grunnnámskeið í Gegni

Á þessu námskeiði verður farið í grunnaðgerðir kerfisins með þarfir nýrra starfsmanna og nýrra aðildarsafna í huga.

#### Dagskrá:

- Almenn kynning á Gegni og tengdum kerfum
- Leitir í starfsmannaaðgangi Gegnis
- Leitir í leitir.is
- Tenging eintaka

### 3. Útlánanámskeið

Námskeiðið er ætlað söfnum sem nota útlánaþáttinn ásamt þeim sem ætla að byrja að nota útlánaþáttinn á næstunni.

#### Dagskrá:

- Útlánaaðgerðir og frátektir
- Sektor og greiðslur
- Lánþegaskráning, notendanöfn og lykilorð
- Leitir í kerfunum
- Vanskilalistar og rukk

### 4. Skráningarnámskeið

Aðeins þeir sem hafa sótt námskeið í skráningarþætti Gegnis geta fengið skráningarheimild í kerfið. Skilyrði fyrir þátttöku er próf í bókasafns- og upplýsingafræði og að safn viðkomandi sé aðildarsafn í Gegni. Námskeiðið er þrjú dagar.

#### Dagskrá:

- Leitir
- Skráningarþáttur, almenn kynning
- MARC21
- Nafnmyndaskrá / efnisorð
- Verklegar æfingar

ATH.: Hverju aðildarsafni Gegnis er heimilt að senda einn starfsmann endurgjaldslaust á skráningarnámskeið en síðan er námskeiðsgjald 42.918 kr. með vsk. á þátttakanda miðað við gjaldskrá 2019.

## 5. Kerfiskeyrslur

Markmið með námskeiði í kerfiskeyrslum er að auka sjálfstæði starfsmanna bókasafna í daglegum störfum. Kennt verður á kerfiskeyrslur sem gera starfsfólki kleift að útbúa:

- Útlánalista / vanskilalista
- Frátekjarlista / lánþegalista
- Útlánaskýrslur (tölfræði)
- Aðfangalista / eintakalista

Að þessu sinni mun sérstaklega verða lögð áhersla á undirbúning gagna fyrir flutning yfir í nýtt kerfi.

## 6. Fræðslufundur skrásetjara

Fræðslufundir skrásetjara eru haldnir einu sinni á ári. Fundunum er ætlað að vera stuðningstæki fyrir skrásetjara. Það verður meðal annars farið yfir:

- Gæðamál
- Skráningarreglur - vafaatriði
- Samþykktir skráningarráðs
- Nýjungar í skráningarstöðlum

## Sarpur

Undanfarin ár hefur verið boðið upp á þrens konar námskeið í Sarpi, þ.e.a.s. grunnnámskeið, skráningarnámskeið og umsýslunámskeið. Í seinni tíð hefur þetta fyrirkomulag ekki reynst sem skyldi og verður því að þessu sinni bryddað upp á nýju fyrirkomulagi sem er opin vinnustofa í Sarpi. Þar geta þátttakendur komið, unnið og leyst úr vandamálum í samvinnu við fagstjóra Sarps og þannig fengið einstaklingsmiðaða aðstoð eftir eigin þörfum. Til þess að styðja aðildarsöfnin enn frekar við skráningu verður á næstunni boðið upp á stutt myndskreið á þjónustuvefnum okkar þar sem farið verður í helstu aðgerðir og verkferla í Sarpi.

## 7. Vinnustofa í Sarpi

Vinnustofan er ætluð öllum starfsmönnum aðildarsafna Sarps sem þurfa aðstoð eða svör við vandamálum sem þeir kljást við í skráningu. Markmið vinnustofunnar er að aðstoða notendur svo að þeir verði öruggari og þannig tryggja gæði skráningar í Sarpi.

*Athugið:* Ekki er þörf á að sitja vinnustofuna allan daginn. Vinnustofan verður með því sniði að fólki með svipuð verkefni/vandamál er beint á svipaðan tíma, t.d. fyrir eða eftir hádegi.

Nauðsynlegt er að þátttakendur láti vita í tölvupósti með góðum fyrirvara hvar skóinn kreppir, þ.e.a.s. hvaða þætti þeir vilja að farið sé í. Þannig getur fagstjóri Sarps skipulagt vinnustofuna á sem skilvirkastan hátt.

## Námskeiðsáætlun 2019 – 2020

HAUSTÖNN 2019					
	Dagsetning	Tími	Staðsetning	Markhópur	Koma með tölvu?
Gegnir – Grunnnámskeið	6. september	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Ný söfn og nýir starfsmenn	
Gegnir – Útlánanámskeið	6. september	13:00 – 16:00	Katrínartún 2	Ný söfn og nýir starfsmenn	
Gegnir – Kerfiskeyrslur	20. september	8:30 – 12:00	Katrínartún 2	Vanir starfsmenn í Gegni	Já
Gegnir – Skráningarnámskeið	2.-4. október	9:00 – 15:00	Katrínartún 2	Útskrifaðir bókasafnsfræðingar	Já
Sarpur – Vinnustofa	18. október	9:00 – 15:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Sarps	Já
Gegnir: Ákvarðanir og áfangar í nýju kerfi	okt. –nóv. nánar auglýst síðar		Ýmsar staðsetningar	Aðildarsöfn Gegnis	

VORÖNN 2020					
Gegnir – Grunnnámskeið	21. febrúar	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Ný bókasöfn og nýir starfsmenn	
Gegnir – Útlánanámskeið	21. febrúar	13:00 – 16:00	Katrínartún 2	Ný bókasöfn og nýir starfsmenn	
Sarpur - Vinnustofa	24. febrúar	9:00 – 15:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Sarps	Já
Sarpur - Vinnustofa	4. maí	9:00 – 15:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Sarps	Já
Kynningar á Sierra kerfinu	Nánar auglýst síðar				
Gegnir – Fræðslufundur skrásetjara	15. maí	10:00 – 12:00	Landsbókasafn	Skrásetjarar	Já